



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar, 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 89 – 89. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Tillögunni er ætlað að stuðla að heildarendurskoðun á geðheilbrigðismálum og þeim þjónustuúrræðum í boði eru og leggja mat á þörfina fyrir ný og betri úrræði til framtíðar ásamt því að marka heildstæða stefnu í málaflokknum til lengri tíma.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur það ætíð af hinu góða að ríkið setji sér stefnur í því markmiði að vinna betur að tilteknum málaflokkum. Þrátt fyrir að fjallað sé að einhverju leyti um aðgerðir í geðheilbrigðis málum í velferðarstefnu sem lögð var fram á 141. löggjafarþingi (470. mál) telur MRSÍ fulla þörf á því að geðheilbrigðismál hér á landi verði tekin til gagnerrar endurskoðunar og mörkuð sé framtíðarstefna í þessum málaflokki.

Réttur til heilsu/heilbrigði eru grundvallarmannréttindi og nauðsynleg til þess að hægt sé að njóta annarra mannréttinda. Rétturinn til heilsu/heilbrigðis er verndaður í ýmsum alþjóðlegum samningum s.s 1. mgr. 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 24. gr. sáttmála S.þ. um réttindi barnsins. Samningur S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFMR) býður þó víðtækustu vernd þess réttar. Í 12. gr. samningsins segir að aðildarríki viðurkenni rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Aðildarríkin eiga að gera ráðstafanir til þess að framfylgja þessum rétti, þar á meðal að skapa skilyrði sem tryggja öllum sjúkraþjónustu og sjúkrameðferð vegna veikinda.

Í almennri athugasemd nefndar S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi nr. 14 er fjallað um réttinn heilsu/heilbrigðis. Þar er ítarlega fjallað um hvað í réttinum felst og hvaða skyldur aðildarríki bera skv. 12. gr. SEFMR. Þar segir m.a. að ákveðnir grunnþættir verði að vera til staðar til að mögulegt sé að tryggja borgurunum líkamlega og andlega heilsu að hæsta marki. Þessir grunnþættir eru; að heilbrigðisþjónusta og vörur séu í boði, þjónustan og vörurnar séu aðgengileg öllum án mismununar, sérstaklega m.t.t. viðkvæmari hópa



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

samfélagsins. Ekki má vera of langt að sækja vörurnar eða þjónustuna og verðið verður að vera viðráðanlegt fyrir alla. Einnig verður að tryggja aðgengi að upplýsingum og fræðslu um heilbrigðismálefni. Í aðgengi felst einnig að þjónustan sé veitt af læknisfræðilegu siðgæði og með hliðsjón af og virðingu fyrir menningarlegum mismuni einstaklinga og hópa sem nýta sér þjónustuna og/eða vörurnar.¹

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

¹ <http://daccess-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/G00/439/34/PDF/G0043934.pdf?OpenElement>